

pórhildur

blað íslendinga í kaupmannahöfn



pórhildur

ÞÓRHILDUR – blað Íslendinga í Kaupmannahöfn.

3. árgangur, 2. tölublað, Maí 1985

ISSN-0108-9110

Útgefandi: Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn og Félag íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn

Ritstjórn: Dóra Stefánsdóttir (01-26 75 50)
Erla Sigurðardóttir (01-57 57 03)
Jón Helgason, auglýsingar (01-26 18 83)
Magnús Gestsson
Oddgeir Þórðarson (01-57 84 94)
Ragnhildur Tómasson (01-16 67 93)
Sighvatur Sævar Árnason (01-95 70 78 lok. 804)

Stening: Lægeforeningens forlag

Prentun: Mohns Bogtrykkeri

Upplag: 1.100 eintök

Heimilisfang: Øster Voldgade 12, 1350 København K


Gíróeikn.: 1 56 33 00

Eftirprentun óheimil nema með sérstöku leyfi.

EFNI

Þórhildur byrjar nýtt líf. Skráð af Erlu Sigurðardóttur	6
Kvennakvöld. Eftir Dóru Stefánsdóttur	8
Styðjið Hústakana. Eftir Gest Guðmundsson	9
Dagskrá. Program.....	10
Rispuar í Rúnamó. Eftir Sigurð Jóhannesson	12
Frá S.I.D.S. Frá F.I.N.K.	16-17
Samsýning íslenskra kvenna í Jónshúsi.....	18

Tove Ditlevsen



Einu sinni varstu án valdaprá

Einu sinnu varstu án valdagræðgi í heiminum.
Einu sinni varstu bara hamingjusamur og ungur.
Þú last ljóð og elskaðir alla nóttina.
Nú ertu orðinn ergilegur, harður og þungur.

Þu elskaðir mig einu sinni af allri þinni veru.
Nú elskar þú engan, ekki einu sinni sjálfan þig.
Þú hatar ljóð tónlist og allt sem minnir þig
á hinar heitu, titrandi vorstundir.

Nú ertu orðinn eitthvað. Allt sem skiptir máli
er að verða eitthvað enn meira.
Heimilislaus ráfar skuggi um íbúð þína
og syrgir sinn sterka æskuvín.

Heimilislaus og undarlega trygg og alein
ligg ég við hlið þér, nótt eftir nótt,
sé hár þitt grána og heyri þig stynja
þungt í svefninum eins og barn
sem einhver hefur yfirgefið.

Þórhildur byrjar nýtt líf

Nú ætlar Þórhildur að byrja nýtt líf. Undanfarna mánuði hefur ritstjórnin rætt mikið um hvað gera megir til að bæta Þórhildi. Fyrir haustið skiftum við um prentsmiðju og þá á Þórhildur að breyta um útlit og innihald.

Útgáfa Þórhildar hefur verið óregluleg. Enginn hefur vitað hvenær næsta blað kemur út og hefur því verið erfitt fyrir fólk að treysta á hana sem upplýsingamiðil í líkingu við mánaðarbréf félaganna sem voru undanfari blaðsins. Við erum ekki nógu ánægð með þetta og gerum því tímaáætlun í framtíðinni svo fólk viti hvenær skilafrestur rennur út og hvenær útgáfudagur er. Við gerum ráð fyrir átta tölublöðum á ári.

Form Þórhildar og útlit hefur verið mörgum áhyggjuefni. Brotið er lítið og býður upp á fáa möguleika. Eins hefur glanspappírinn verið fólki ráðgáta, því möguleikar hans hafa ekki verið nýttir miðað við verð. - Eins höfum við í huga að stækka brot blaðsins um uþb. helming. Eins langar okkur til að nota lit á blaðið en það fer allt eftir verði. Að svo stöddu eru það aðeins draumórar þar sem ljóst er að við verðum að minnka prentkostnað Þórhildar. Það væri gaman að heyra hvort ástkærir lesendur hefðu góðar hugmyndir um nýtt útlit Þórhildar. Í útlitshóp Þórhildar bæst manneskjur, svo nú eru þau þrjú: Ingibjörg Rán Guðmundsdóttir, Kolbrún Oddsdóttir og Oddgeir Þórðarson,

Hvað innihald snertir, þá hefur oft verið kvartað undan lífleysi Þórhildar. Við ætlum að fækka löngum greinum sem fyllt hafa smávaxið blað. Að vísu eru greinar ekki bannaðar, en þær má stytta. Eins er hugmyndin að hafa viðtal í hverju tölublaði við íslendinga búsetta hér í borg. Við höfum líka gælt við barnasíðu og lesendabréf, þar sem td. félagsráðgjafi gæti svarað spurningum lesenda.

Blaðið er fyrst og fremst vettvangur félaganna tveggja sem lesendur blaðsins eru í, þe. Íslendingafélagið og Námsmannafélagið. Við viljum skýra sem best frá því sem er að gerast meðal íslendinga, bæði í Jónshúsi og úti í bæ.

Því viljum við hvetja ykkur, lesendur góðir til að láta okkur vita, ef þið fréttið atburðum sem höfða til íslendinga og sem þið eruð kannski sjálf viðriðin.

Eins og þið sjáið kannski er endurbóta von, bæði hvað útgáfutíma, útlit og innihald snertir. Við höfum líka velt fyrir okkur nafni blaðsins. Hefur einhver góða hugmynd um annað nafn? - Við höfum td. rætt nafnið Pollýanna, þar sem sú stúlka hefur átt stærri sess í hugum okkar en Þórhildur. Ekki síst á þessum síðustu og verstu tímum er þörf á takmarkalausri bjartsýni.

Þetta er sem sagt afrakstur naflaskoðunar okkar í ritstjórn. En ég vil líka minnst á gagnrýni sem við heyrum stundum úti í bæ, td. að Þórhildur sé svo lokuð. Vandamálið hefur kannski verið hið gagnstæða; erfitt hefur verið að fá fólk til starfa. Þetta minnir svolítið á aðra goðsögn um þessi bölvuð félög, þar sem valdasjúkir seggir þeyzi fram og aftur með þanið brjóst og gilda peningasjóði í eftirdragi. Ef sjónaukanum yrði hins vegar beint að Jónshúsi er ég hrædd um að erfitt yrði að koma auga á valdasjúka riddara í ham. Algengara væri að sjá hokna menn og konur yfir ritvélum, ljósritunarvélum og gólftuskum (Tími sleiktu umslaganna er að mestu liðinn). Draumsýnin er sem fyrr augin valda- og verkadreifing.

Í síðasta tölublaði var auð síða, þar sem lesendur blaðsins voru hvattir til að láta álit sitt í ljós á útliti þeirrar síðu. Eitt svar hefur borist frá rosnum landa í Lyngby: »Þessi síða á að vera eins og hún er !!!! og allar síður blaðsins eins og þessi!!! - Það myndi stór - bæta blaðið!!!- og hafðu það -«. Kannski finnst fleirum að Þórhildur sæmði sér betur sem teikniblokk, en fróðlegt væri að heyra meira frá þessum landa okkar og helst fleirum. Hvernig finnst þér að Þórhildur eigi að vera? Láttu okkur endilega vita. Hringdu, skrifaðu eða mættu í Jónshús einhvern sunnudaginn klukkan fjögur, þá höldum við ritstjórnarfund.

Erla Sigurðardóttir

Kvennakvöld

Það eru að verða liðin lo ár síðan Inga Huld Hákonardóttir fann upp á því sem mörgum fannst alger firra. Að safna íslenskum konum búandi í Kaupmannahöfn saman einu sinni í mánuði til að spjalla saman. Þetta var á þeim árum sem ungir stúdentar hér í borg voru enn trúaðir á byltinguna og rauðsokkurnar ræddu alvarlega um jafnréttið á heimilunum. Að konur ætluðu að hittast einu sinni í mánuði til þess að tala saman um allt annað en byltingu og jafnrétti var hreinlega asnalegt, fannst mörgum.

Öðrum fannst þetta aftur alveg frábær hugmynd. Og þær konur byrjuðu að safnast saman annað þriðjudagskvöld í mánuði í Jónshúsi. Oft til þess að hlýða á eða horfa á einhver skemmtiatriði, oft líka bara til þess að drekka saman kaffibolla og spjalla. Ég leit inn á kvennakvöld í mars og ræddi við nokkrar konur um það hvernig þeim þættu þessi kvöld og hvers vegna þær kæmu.

Guðrún Eiríksdóttir er ein af þeim elstu, þó langt frá því sú aelsta. Hún sagði að sér þætti ánægjulegast núna hversu mikið af ungum konum væri farið að koma. Þessi lo ár hafa það fyrst og fremst verið eldri konur sem hafa mætt, núna er þróunin hins vegar að snúast við það því að virðist. Guðrún sagðist álíta að fyrir flestar þær konur sem mættu væri það mest um vera að geta talað íslensku saman. Þær væru giftar Dönum og ynnu oft á



Guðrún Eiríksdóttir, Bergþóra Kristjánsdóttir og Dóra Gunnarsdóttir.

aldönskum vinnustöðum. Þetta væri því nærri eina tækifærið sem þær hefðu til að tala móðurmálið.

Bergþóra Kristjánsdóttir formaður Íslendingafélagsins sat við hliðina á Guðrúnu. Hún var sammála því að þessi kvennakvöld væru mjög góð og sagðist koma talsvert oft á þau. Hún taldi þær konur sem koma eiga margt sameiginlegt fyrir utan þjóðerni og tungu. Það væri aðalatriðið að þær kæmu saman, ekki það hvort eitthvað væri til skemmtunar. Þetta kvöld hafði Guðrún Ögmundsdóttir félagsfræðingur sýnt-litskyggnuröð sem hún gerði sem lokapróf í Háskólanum í Hróarskeldu. Röðin fjallaði um líf íslenskrar verkakonu í fiski. Bergþóra sagði að svona efni væri sérlega gott til skemmtunar á kvennakvöldum. Eitthvað sem varðaði konur beint og veki þess vegna áhuga þeirra.



Það var fremur fjölmennit á þessu tiltekna kvennakvöldi og þó nokkrar konur að koma á sinna fyrsta fund. Væntanlega ekki þann síðasta samt.

Hinu megin við Bergþóru sat Dóra Gunnarsdóttir. Hún sagðist hreinlega koma á kvennakvöld af því að sér þætti svo gaman. Hún talaði íslensku heima fyrir þannig að málið væri ekki ástæðna. Hinn skemmtilegi félagsskapur hefði meira að segja.

Jónína Steingrimsdóttir sat neðarlega í salnum. Þetta var í fyrsta sinn sem hún kom á kvennakvöld en hún taldi hreint ekki fráleitt að þau yrðu fleiri. "Ég kom fyrst og fremst til að sjá myndirnar hennar Guðrúnar. Þetta hefur hins vegar verið meira spennandi en ég átti von á. Þetta er sá hópur fólks sem ég hitti sjaldnast. Yfirleitt umgengst ég jafnaldra mína eða þá börn. Eldri konur hitti ég sjaldan. Mér finnst það líka afskaplega jákvætt hversu vel mér var tekið. Ég átti von á því að sitja ein allt kvöldið. En áður en ég vissi af voru hinar konurnar sestar hjá mér og farnar að spjalla við mig. Þetta hefur verið, já upplifun" sagði Jónína.

Ég kvaddi og þakkaði fyrir mig. Aðrar konur eru eindregið hvattar til að líta við á konukvöldum. Í maí er ætlunin að fá Sigríði H. Þorsteinsdóttur til að leika á fiðlu. Dagskráin er að öður leyti óákveðin en sé einhver sem hefur eitthvað fram að færa er slíkt alltaf vel þegið.

Dóra Stefánsdóttir



Guðrún Ögmundsdóttir sýndi litskyggnuröð sína um líf íslenskrar verkakonu í fiski.

Styðjið Hústakana!

Flestir sem búa í Danmörku, kannast við »BZ-bevægelsen« eða hústaka, eins og ég kys að kalla þá á því ástkæra ylhýra.

Hins vegar tengja margir þá fyrst og fremst við lögregluslagsmál og klósettskál útum gluggann, en það er sú mynd sem æsifréttir fjölmiðla gefa af hústökum. Hinn daglegi veruleiki er vitaskuld annar. Þetta er ungt fólk, sem hefur orðið fyrir barðinu á atvinnuleysi og félagslegum niðurskurði, en lætur ekki beygjast heldur tekur frumkvæði að því að skapa sér mannsæmandi líf. Í herteknum húsum er að myndast vísir að nýjum lífn-aðarháttum, þar sem heimili, vinnustaður og fristundir er samofið. Hústakarnir leggja áherslu á að þeir vilja sjálfir innrétta þau hús sem þau hafa tekið út frá eigin þörfum og óskum, og þau vilja fá að ráða rekstri húsanna, vitaskuld með fullri, ábyrgð gagnvart eigendum. Þessum einföldu kröfum vilja yfirvöld húsnæðismála og borgarinnar, Weidekamp og aðrir krátískir kerfiskallar, ekki ganga að. Þeir vilja ekki afsala sér millimetra af völdum sínum.

Nú er orðið all ljóst, að samningar munu ekki takast milli hústaka og kerfsins. Því má eiga von á að lögreglunni verði sigað á hertekna húsið að Ryesgade 58 (þar sem búa um 70 hústakar). Velunnarar hústakanna úti í bæ vilja ekki sitja aðgerðalausir, ef til slíkra aðgerða kemur. Meðal þeirra aðgerða sem eru á döfinni, er að koma upp símakeðju fólks sem vill mæta á staðinn, ef lögreglan lætur til skarar skriða og reyna að koma í veg fyrir að húsið verði rutt (án alls ofbeldis!), eða a.m.k. mótmæla slíkum aðgerðum.

Ég vil hér með skora á alla framsækna Hafnaríslendinga að skrá sig í þessa símakeðju, annað hvort í Ungdomshuset, Jagtvej, s. 01-83 00 11, eða hjá undirrituðum, Nørrebrogade 200 A, 3 (2200 N), s. 01-81 54 45.

Gestur Guðmundsson

Styðjið Hústakana!

DAGSKRÁ-PROGRAM

Mai

- Laugardag 25. **Hvítasunnugleði með hinni frábæru Jazzhljómsveit hússins frá kl. 21.00. Heitur matur frá kl. 18.00.**
Pinsesolen danser i takt til husets jazzokester. Varm mad fra kl. 18.00.
- Sunnudag 26. **Hvítasunnudagur. Messa og messuukaffi i Jónshúsi.**
Pinsedag. Gudstjeneste og derefter kaffe i Jónshúsi.
- Þriðjudag 28. **Lokað.**
Lukket.
- Föstudag 31. **Síðasti dagur samsýningar íslenskra kvenna.**

Júní

- Laugardag 1. **Kl. 14.00 fer Eiríkur Valman með landsmenn i göngu um Íslendingaslóðir i Kaupmannahöfn. Lagt verður af stað stundvíslega kl. 14.00, frá Grábrødertorv. Heitur matur i Jónshúsi á eftir. Kl. 16.00 opnar Einar Sigurjónsson sýningu á útsaumni. — Matur i Jónshúsi: íslensk kjötsúpa frá kl. 18.00 Þanta þarf i síðasta lagi fimmtudaginn 30. maí i síma 13 79 97.**
Kl. 14.00 tager Erik Valman landsmænd med på en gåtur for at se islandske mindes mærker. Afgangen foregår fra Grábrødretorv præcist kl. 14.00. Varm mad i Jónshúsi bagefter. Kl. 16.00 viser Einar Sigurjónsson sín samling.
- Laugardag 15. **Strandveisla Íslendingafélagsins. Sjá nánar auglýsingu i Jónshúsi — eins má hringja i síma 01-13 79 97.**
- Sunnudag 16. **17. júní-hátíðahöld i Østre Anlæg kl. 14.00. Nánari upplýsingar i Jónshúsi. Veislukaffi i Jónshúsi eftir hátíðadagskrá Íslendingafélagsins i tilefni 17. júní.**
- Mánudag 17. **Lambasteik i Jónshúsi kl. 18.30. Pantanir þurfa að hafa borist fyrir föstudag 14. júní i síma 13 79 97.**
- Laugardag 22. **Opnun myndlistarsýningar.**
- Sunnudag 23. **Dómkórinn heldur tónleika i Skt. Paulskirkju kl. 14.00 undir stjórn Martins Hungers Friðrikssonar. Kaffi á eftir i Jónshúsi.**
- Mánudag 24. **Kórinn syngur kl. 16.00 við kirkju Heilags Anda á Strikinu.**
- Sunnudag 30. **Guðspjónusta íslenska safnaðarins kl. 14.00 i Skt. Paulskirkju. Messukaffi á eftir i Jónshúsi.**

Þeir sem áhuga hafa á að spila fótbolta,
eru velkomnir á Kløvermarken
kl. 10.30 á sunnudögum.
(Rétt við Øresundskollegiet)

Vi spiller fodbold
på Kløvermarken fra
kl. 10.30 om søndagen,
næsten alle er velkomne.

Rispuðnar í Rúnamó

Illlæsileg skrift veldur stundum lesandanum heilabrotum. Það vita sennilega allir, sem einhvern tíma hafa fengið bréf. Þeir, sem ekki kannast við vandamálið, geta glimt við þessa frásögn, sem ókunnur höfundur skrifaði í gestabók Jónshúss 11.ágúst síðastliðinn:

pas glaid his
as wie panna
... pa & s
ed lada pa
...
Nelli heu & ed
ne & ...
and es den
...
...
...

1. mynd. Úr gestabók Jónshúss.

Þetta er þó barnaleikur hjá þeim þrautum, sem handrita- og rúnalesarar þurfa stundum að leysa. Þá reynir fyrst verulega á ímynd-unaraflíð. Í þessari grein fjalla ég um eina slíka ráðningu. Finnur Magnússon (1781-1847) var einn þekktasti fornfræðingur Norðurlanda á sínum tíma. Hann var prófe-sor við Kaupmannahafnarháskóla og Leyn-darskjalavörður Dana á 4. og 5. áratug 19. aldar. Ráðning hans á skorum í blágrýtsangang norður í Blekinge sýnir hvernig mikið hugar-flug getur leitt skynsama menn í ógöngur.

Um 1200 lýsir Saxi í Danmerkursögu sinni langri rúnaristu á klöppum í Blekinge. Meðfram götuslóða frá sjónum voru tveir láréttir gangar með höggnum táknum, greinilega einhvers konar bókstöfum. Þarna sagði

sagan að Haraldur hilditönn Danakonungur (d. um 700) hefði látið letra frásögn um afrek föður síns. Valdimar, sem var konungur Dana 1154-1182, lét rannsaka þessar risturnákvæmlega, en þá voru þær ólæsilegar. Þær voru hálfþylltar af mold og auk þess máðar af veðri, vindum og sporum vegfarenda. Þannig eyðist jafnvel harðasti klettur með tímanum, segir Saxi. Samt héldu menn áfram að kanna þennan stað, sem alþýðan kallaði Rúnamó. Danski fornleifafræðingurinn Óli Worm reyndi að lesa risturnar árið 1640, næstum 500 árum eftir að sendimenn Valdimars konungs höfðu verið þar á ferðinni. Tókst honum aðeins að lesa eitt orð: Lunþ (Lund?). Næstu aldir könnuðu ýmsir vísindamenn Rúnamó. Sumir sáu nokkrar samhengislausar rúnir á klöppunum, en aðrir fundu ekkert annað, en »það sem regn fær orkað á klettaskorur«.

Um 1830 ákvað danska Vísindafélagið að leysa endanlega úr gátunni. Félagið setti á stofn rannsóknarnefnd skipaða þrem prófessorum við háskólann; jarðfræðingnum Forchhammer, málfræðingnum Molbech og Finn Magnússyni. Júlídag árið 1833 skoðuðu þremenningarnir hina frægu blágrýtisganga við vegslóðann í Rúnamó. Þeir létu fyrst hreinsa alla mold og allt torf af klöppunum. Í bókinni um rannsóknina segir að oftlega þykist menn við fyrstu sýn sjá stórar rúnir á klöppum, en jafnan komi í fljótt í ljós að um veðrun sé að ræða. En um þetta lék enginn vafi í huga nefndarmanna. Prófessorarnir töldu sig finna rúnir á um 80 metra löngum og 20-30 sentimetra breiðum blágrýtiskafli. Til þess að hafa allt sem vísindalegast var þeim nefndarmanni, sem ekki kunni rúnaletur, jarðfræðingnum Forchhammer, falið að teikna ganginn upp og skera úr um hvaða skorur væru náttúrlegar og hverjar væru meitlaðar í bergið. Á teikningu sinni sýndi Forchhammer höggnað rúnir með breiðum strikum, en hafði mjóar línur þar sem hann taldi náttúruna eina hafa verið að verki. Á 2. og 3. mynd sést hluti teikningar hans.

Í tíu mánuði reyndi Finnur Magnússon án árangurs að fá eitthvert vit úr teikningu

Forchhammers. En skyndilega fékk hann snjalla hugmynd : »En ... 22. maí 1834 síðdegis, datt mér fyrir tilviljun í hug, að reyna að lesa áletrunina aftur á bak, frá hægri til vinstri. Og las ég viðstöðulaust orðið hildekinn (hildekinn eða hyldekinn) og hin fylgdu fljótt á eftir án verulegra erfiðleika«. »Finnur las aftur á bak, en annars eftir þeim reglum, sem menn notuðust forðum við á Íslandi (og í fleiri löndum), og auk þess með því að leysa upp hinar svokölluðu bandrúnir (flóknar eða fléttaðar rúnir). Jafnóðum skrifaði ég orðin upp og komst þegar að því, að fyrir utan upphafsorðin voru þau fornnorræna og voru alveg regluleg og meira að segja stuðluð erindi ort undir hinu svonefnda fornyrðislagi ... sem einnig er kallað Starkaðarlag, og sennilega úr kvæðinu sem þetta stórskáld Starkaður kvað hafa ort um Brávallabardaga um 700 e.Kr. þar sem Haraldur hilditönn (hildikinn) féll.«

Hér var Finnur kominn í feitt, því að Brávallabardagi, sem háður var skammt frá Rúnamó, var ein frægasta orrusta fornaldar, og Starkaðarlag, sem hingað til hafði verið glatað, eitt frægasta kvæðið.

Ráðning Finns er svona:


HILTEKINN RIKI NAM
GARÐR INN HJO
ULI EIT GAF
VIGI OPIN RUNAR
HRINGR FAI
FALL A MOLD
ALF (ar?) ASTAGOD
ULA (fjái?)
OPIN OK FRI
OK ASAKUN
FARI (fari)
FJANDUM VARUM
UNNI HARALDI
ÖRIN SIGR

Mekingin er : »Hildikinn (Þ.e. Haraldur hilditönn) tók við ríki/Garður hjó (rúnir). / Óli vann eið (hollustueið). / Óðinn vígi (helgi) rúnirnar./ Megi Hringur hljóta/ fall á moldu- (dauða)./ Álfar og ástargóð/ Óla hati /Óðinn og Freyr / og Ásakyn/ eyði eyði / fjendum vorum./ Unni goðin Haraldi/ stórs sigurs.«

Á 2. mynd geta menn lesið (aftur á bak) HIILDEKINN RIKI NAM og á 3. mynd GARÐR INN HIO/ ULI EIÐ GAF:



2. mynd.



3. mynd. Teikning Forchhammers. Rúnir »þýddar« yfir í latneska bókstafi.

Til samanburðar eru á 4. mynd rúnir þýddar yfir í latneska bókstafi, svo að menn geti leikið sér að því að lesa sjálfir úr þessu:

1 B 1 Ø P P * I K I
A B D E F G H I J K L
Y X # R A S T 1 N Þ
M N O R R * S T T U Þ

*(RADDAD) R Í ELDRÍ RÚNUM.


4. mynd. Rúnir.

Fyrstu vísuorðin voru fremur auðveld, en þegar fram í sótti reyndi fyrst svo um munaði á hugmyndaflug Finns. Finnur taldi margar rúnir í áletruninni vera bandrúnir, þ.e. samsettar eða fléttaðar rúnir. Í hinu mikla riti Finns, Runamo og Runerne, er langur kafli um bandrúnir. Hann tekur dæmi um bókstafafléttur úr latneskum bókstöfum s.s. fangamark Chlotariusar II. (5. mynd)



5. mynd. Fangamark Chlotariusar II.

Úr fangamarki Ottós II. Þýzkalandskeisara (7. mynd) höfðu Benediktismunkar lesið orðin OTTO IMPERATOR AVGVSTVS en Finnur jók við svo að þetta varð : OTTO IMPERATOR SEMPER AVGVSTVS ROMANORVM.



6. mynd. Fangamark Ottós II.

Með smáhugkvæmni mátti á sama hátt lesa langan texta úr bandrúnum. Finnur segir í bók sinni: »Sjálf sagt virðast mörgum lesendum bandrúnir vera skringilegt hrafnaspark, sem ekki verði á nokkurn hátt lesið sem bókstafir; þó er þessu einmitt þannig farið.«

Rúnin á 7. mynd virðist fljótt á litid býsna margslungin, en þegar Finnur var búinn að leysa hana upp eins og sést á 8. mynd, varð allt miklu einfaldara.



7. mynd. Bindirún skv. teikningu Forchhammers.



8. mynd. oannig leysti Finnur upp bindirúnina á 7. mynd.

Merkingin er (lesið aftur á bak) OPIN (Óðinn) Rúnina á 9. mynd mátti bæði lesa rétta og á hvolfi. Hvort tveggja gaf merkinguna FARI.



9. mynd. Bindirún.



10. mynd. Bindirúnina á 9. mynd mátti leysa upp á tvo vegu.

Rúnina á 11. mynd leysti Finnur upp eins og sést á 12. mynd. Úr rúnunum las hann síðan FIANDUM.



11. mynd. Bindirún.



12. mynd. Bindirúnin á 11. mynd, leyst upp.

Eins og nærri má geta varð Finnur frá sér numinn af uppgötvun sinni.

Í bókinni um rannsóknirna segir hann: »Sannarlega skortir mig orð til að lýsa því hve yfir mig hissa ég varð við að skoða hið auðskilda, já ljósa og greinilega samhengi þessarar ... áletrunar, sem ég hafði ráðið á tveimur stundum. Fyrst tók ég einkum eftir ásum og álfum, sem talað er um, Óðni, Frey og Freyju, einnig gerði ég mér ljóst að Hildikinn eða Hyldekinn hlaut að vera viðurnefni, sem samsvaraði ... hilditönn ... Um þetta sannfærðist ég enn betur við að finna skáld hans Garð sem rætt er um í islenzkum fornsögum (og Saxi nefnir einnig), sem hjó áletrunina og einnig andstæðinga hans Hring og Óla, sem fornsögurnar og Saxi nefna líka.«


Heimildir segja að Haraldur hilditönn hafi fyrst ríkt yfir Danmörku, Gautlandi og Svíþjóð, en hafi síðan sett Hring yfir Svíþjóð og Vestur-Gautland. Í elli sinni sat Haraldur lengi á friðarstóli og varð af því lífsleiður og óvinsæll. Til þess að bæta úr þessu og til að deyja ekki á sóttarsæng stefndi han Hringi vini sínum til orrustu. Önnur sögn hermir að Óðinn hafi sáð hatri meðal konunganna. Með hina nýfengnu vitneskju í huga hallast Finnur frekar að síðari frásögninni. Í rúnaristunni er sagt að Haraldur og Hringur hafi verið hatursmenn.

Finnur hófst brátt handa við að kynna rúnafundinn. Fyrst sendi hann aðalhvatamanni rannsóknanna, P.E. Müller biskupi, myndir af rúnaristunni ásamt ráðningunni. Biskup sendi þetta bréf um hæl:

»Fortunen 24.mái 1834,

Mikið varð ég þægilega hissa við að fá pakkann... með ráðningu yðar á Rúnamóristunum. Þetta var langt framar vonum. Ráðning rúnanna virðist mér bæði snjöll og rétt. Þótt e.t.v. séu vafaatriði á stöku stað virðist mér heildin þó vera í slíku samræmi, að það sé í sjálfu sér trygging fyrir réttmæti lausnarinnar. Um þá hluta ráðningarinnar, sem ég hef ekki enn áttað mig á, mun ég ræða síðar við yður. Af öllu hjarta óska ég yður, fornbókmenntunum og sjálfum mér til hamingju; yðar o.s.frv. *P. E. Müller*»

Skömmu síðar sagði Finnur frá rúnaráðningunni í tveimur stuttum tímaritsgreinum, en eftir það fór hann að vinna að bók sinni um Rúnamó. Hún kom út árið 1844 og er 742 blaðsíður í stóru broti.



13. mynd. Rit Finns Magnússonar, *Runamo og Runerne*, er 742 blaðsíður í stóru broti.

Rúnamóristurnar vöktu feikna athygli. Í Þýskalandi og Rússlandi voru gefnar út frásagnir um þær. Þessar rúnir voru með þeim elztu, sem fundizt höfðu, og góð heimild um stig málsins á sínum tíma. Síðast en ekki sízt sýndu þær, að frásagnir Saxa og íslenzkra fornsagna um Brávallabardaga voru réttar í aðalatriðum, en ekki uppspuni eins og sumir höfðu haldið fram.

Í bók sinni um rannsóknirnar segir Finnur: »menn hljóta að fallast á, að hin nákvæma og vísindalega rannsókn danska Vísindafélagsins og hin ágæta teikning af áletruninni, hefur svo sem framast er unnt svift hulunni af þessu merka, en dularfulla efni.«

Ungur fornleifafræðingur, Jens Jacob Worsaae (1821-1885), sannfærðist þó ekki strax. Honum fannst einkennilegt að nú væri hægt að lesa áletrun, sem 600 árum áður var talin ólæsileg. Auk þess átti hann erfitt með að trúa því að frásagnir Saxa og íslenzkra fornsagna sem færðar voru í letur 5-600 árum eftir Brávallabardaga, væru eins réttar og ráðið varð af Rúnamóristunni. Worsaae þóttu bandrúnirnar einnig grunsamlegar. Engin regla var á því hvernig þær voru teknar upp og að því er virtist var alveg frjálst í hvaða röð bókstafirnir voru lesnir. Suma stafi las Finnur tvisvar, öðrum slepti hann alveg. Worsaae nefnir sem dæmi bindirún, sem annaðhvort mátti lesa *Aku-Þór* eða *napi* (af sögninni að ná).

Worsaae fór og skoðaði Rúnamó sjálfur og bar blágrýtisgangana saman við teikningar Forchhammers. Hann sá strax, að teikningarnar voru alrangar. Með erfiðismunum tókst homum að finna »rúnir« Forchhammers á berginu. Og loks þegar hann fann rispurnar sá hann að þær voru gjörólikar rifunum á teikningunni. Worsaae sá engan mun á »rúnum« Forchhammers og öðrum rispum á berginu. Hann gerði því nýjar teikningar af blágrýtisganginum.

Á þrettánda og fjórtánda mynd er teikning Worsaaes af sama kafla blágrýtisgangsins og önnur og þriðja mynd, hér að framan, áttu að sýna.



14. mynd. Teikning Worsaaes af sama hluta blágrýtisgangsins og 2 og 3. mynd áttu að sýna. Rúnirnar eru tölusettar á sama hátt og á 2 og 3. mynd.



15. mynd. Blágrýtisgangur við Busemåla í Blekinge.

13 og 14. mynd; Teikning Worsaaes af sama hluta blágrýtisgangsins og 2. og 3. mynd áttu að sýna. Rúnirnar eru tölusettar á sama hátt og á 2. og 3. mynd.

Worsaae segist líka þegar hafa gert sér ljóst að allar rifurnar hlytu að vera náttúrlegar. Hann kveðst ekki hafa fundið neitt sem gæti verið minnstu leifar leturs. Blágrýtisgangar myndast þannig, að sprungur í granítinu, sem er fyrir, fyllast við síðari gos. Yfirborð slíkra blágrýtisganga er oftast mjög sprungið og hrufótt. Þess vegna þykir Worsaae mjög ósennilegt, að nokkur hefði farið að höggva rúnir í þá.

Hins vegar veðrast hvassar brúnir blégrýtisganganna smám saman og hrufurnar geta þá

farið að líkjast myndum unnum með meitli. Á fimmtánda mynd sést blágrýtisgangur við Busemåle í Blekinge. Worsaae sá ekki mikinn mun á homum og blágrýtisganginum í Rúnamó.

Í lokaorðum bókar sinnar, Rúnamó og Braavallaslaget, segir Worsaae að menn eigi ekki að henda gaman að þeim, sem grúska í fornum fræðum, þótt einum grúskaranna hafi orðið það á að lesa ljóð úr náttúrlegum klettaskorum. Fornfræðin hafi varla slitið barnskónum og vitneskja um fornöldina sé mjög gloppótt. Worsaae segir, að þess vegna hafi kenningar um hana að miklu leyti byggzt á getgátum. »En með lestri Rúnamórispna hlytur hugarflugið að hafa náð hámarki.

Sigurður Jóhannesson

HEIMILDIR

Finn Magnusen: Runamo og Runene, en Commiteberetning til det Kongelige danske Videnskabers Selskab, Kjøbenhavn 1841. J. J. A. Worsaae: Runamo og Braavallaslaget, et Bidrag til archeologisk kritik, Kjøbenhavn 1844.

Frá S.I.D.S.

Þar sem gleymst hefur að prenta síma og símatíma S.I.D.S. á nýútsendri sumarátætlun, er það byrt hér:

tel. 01. 14 60 35
mánudag/mandag kl. 18.00-20.00
Fimmtudag/torsdag kl. 16.00-19.00

Fréttatilkynning frá A.A. — samtökunum

(Alcoholis anonymous)

Á hverjum sunnudegi er fundur í Jónshúsi (sjónvarps-herberginu)

Kl. 10.30

Fyrsta sunnudag í hverjun mánuði er OPINN fundur.

Nýtt símanúmer samtakanna er:

01-95 56 94

Nýasta plata Grafíkur »Get ég tekið cjens« til sölu í Jónshúsi.
Platan hlaut frábæra dóma.

Auk þess eru fleirri plötur til sölu, má þar á meðal nefna Hörð Torfason, Hauk Morthens og Hrímm með barnaplötu.



Þann 8. mars var opið hús á Strandboulevarden 5 á Østerbro. Tilefnið var að fjórir rafvirkjar, þám. stórvinur Jónshúss, Preben P. Petersen, voru að stofna eigin fyrirtæki, en það hefur hlotið hið vígalega nafn: Storkøbenhavn El-Service.

Allir höfðu rafvirkjarnir unnið í áraraðir fyrir rafvirkjafyrirtækið þekktá,

Specht, en fannst nú tími til kominn að fljúga úr hreiðrinu.

Þeir eru önnur kafnir, ma. sjá þeir um að rafvæða Bakkann fyrir vorið.

Þórhildur óskar þeim félögum innilega til hamingju með þennan merka, áfanga í lífi, þeirra sjálfra svo og viðskiptavinanna.

Frá F.I.N.K

Nú ættu allir skráðir félagar að vera búnir að fá páska- og sumaráætlun SIDS en til þess að geta notfært sér þau góðu kjör sem í boði eru, þarf að vera búð að borga félagsgjaldið.

Þeir sem ekki greiða það, verða teknir útaf skrá félagsins og missa þar með af SIDS-kjörum, svo og Þórhildar (þetta verður síðasta Þórhildur þeirra sem ekki borga félagsgjaldið).

Nýjir félagar, svo og þeir sem ekki hafa fengið sendann gíróseðil, eru beðnir að snúa sér til vertanna í Jónshúsi, þar sem gíróseðlar og flugáætlanir liggja fyrir.

Við bendum fólki á að merkja gíróseðlana skilmerkilega.

Með framvísun greiddra gíróseðla, er veittur afsláttur hjá Icestar foto og Bondes farve (málingavörur).

SAMSÝNING ÍSLENSKRA KVENNA Í JÖNSHÚSI 5.-31.MAÍ.

Ingibjörg Pían Guðmundsdóttir
Þórunn Guðmundsdóttir

Guðbjörg Benediktsdóttir

Guðrún Sigurðardóttir Urup

Elín Pálusdóttir Bjarnason

Nanna Bücherst

Maria S. Kjarrval

Ljöffn Haraldsdóttir

Bergljót Ragnars

Anna María Sveinbjörnsdóttir

Kristjana Lehmann Rasmussen

Pia Rakel Sværisdóttir

Margrethe Nielsen



J.L.P. 1913

Íbúðaskipti á Íslandi í sumar

Við erum ung hjón með tvö börn, og viljum skipta á okkar íbúð í Reykjavík á íbúð í Kaupmannahöfn eða nágrenni. Um er að ræða tímabilið júní, júlí, ágúst, einn, tveir eða þrír mánuðir koma til greina.

Íbúð okkar er 3-4 herbergja stór kjallaraíbúð í Vesturbænum. Sér inngangur, sér þvottaherbergi, stofa + 2 svefnherbergi.

Þeir er kynnu að hafa áhuga vinsamlegast skrifið til:

Önnu St. Ólafsdóttur
Stefáns S. Stefánssonar,

Hagamel 31
107 Reykjavík
Ísland

Gefðu dönskum vinum þínum vandaða íslenska skáldsögu

Ridderne af den runde trappe eftir Einar Må Guðmundsson í þýðingu
Erik Skyum-Nielsen í samvinnu við höfundinn. 192 bls., kr. 158,-

»... en lufttur på sindets vinger.« *Preben Meulengracht i Jyllandsposten*

»Guðmundsson serverer sin islandske Huck Finn med stor charme og megen ægthed, så bogen er absolut en fornøjelse at læse.« *Poul Borum i Ekstra Bladet*

Det er en bizart-poetisk, sjov og dybsindig roman, legende let i anslaget, fuld af overraskende billeder og barokke påfund. Alt sammen bygget op over enkle, genkendelige hændelser fra store børns hverdag.

Den utrolige fantasi springer lige ud af virkeligheden og forvandler den til digterisk sprog. En roman, der lover godt for ny nordisk litteratur.«


Johan de Mylius i Berlingske Tidende

»Drengestreg – « »Genistreg – « *John Chr. Jørgensen i Politiken*

Einar Må Guðmundsson

Forlaget VINDROSE

Nybrogade 14 · København K · Tlf. 01 *13 50 00 · Ekspedition 10-15



**UMBOÐSMENN OKKAR
Í DANMÖRKU ERU:**

AARHUS  BERGMANN, SMITH & CO. Pier 2, 8100 Aarhus P.O. Box 73 Cable Bergsmiths Tel.: (06) 128188 Telex 64375 bergs dk	SVENDBORG BJERRUM & JENSEN ApS Havnepladsen 3, Box 190 5700 SVENDBORG Cable: Broka Telex: 58122 Phone: (09) 212600
KÖBENHAVN Allfreight Ltd. 35, Amaliegade DK-1256 KÖBENHAVN Cable: Allfragt Telex: 19901 alckh dk Phone: (01) 11-12-14	



**SKIPADEILD
SAMBANDSINS**
SAMBANDSHUSINU REYKJAVÍK SÍMI 28200